

GJALDSKRÁ

fyrir Vatnsveitu Dalabyggðar.

Gjaldskrá Vatnsveitu Dalabyggðar er sett á grundvelli laga nr. 81/1991, með síðari breytingum nr. 149/1995 og 143/2000, og reglugerð fyrir vatnsveitur sveitarfélaga nr. 421/1992. Gjaldskráin öðlast þegar gildi.

1. gr.

Vatnsgjald er 0,25 hundraðshlutar af fasteignamati fyrir íbúðarhúsnæði og annað húsnæði.

2. gr.

Aukavatnsgjald skal vera 9,56 krónur á hvern mældan eða áætlaðan rúmmetra vatns.

3. gr.

Leigugjald vatnsmæla samanber 11. gr. ofangreindrar reglugerðar fer eftir sverleika heimæðar. Árleg leiga fyrir mæli skal vera um 20% af kostnaðarverði mælisins. Vatnsnotandi skal greiða kostnað við uppsetningu á mæli samkvæmt reikningi. Leigugjald skal greiða árlega og vera sem hér segir:

Heimæð	kr.
32 mm og minni	1.900
40 mm	2.800
50 mm	3.700
63 mm	4.400
75 mm	14.000
90 mm	16.000
110 mm	19.000

4. gr.

Heimæðargjald skal taka mið af gerð, stærð og lengd heimæðar samkvæmt lögum nr. 149/1995 um breytingu á lögum nr. 81/1991. Miðað er við að ídráttarrör hafi verið lagt á frostfríu dýpi frá lóðarmörkum að inntaksstað mannvirkisins og frágangur hafi verið samþykktur af tæknideild Dalabyggðar.

<i>Þvermál inntaks</i>	32 mm	40 mm	50 mm	63 mm	75 mm	90 mm
<i>Fastagjald kr.</i>	45.000	60.000	75.000	90.000	105.000	120.000
<i>Gjald per metra kr.</i>	500	600	700	800	900	1.000

Heimæðargjald fyrir inntök stærri en 90 mm verður reiknað sérstaklega af tæknideild Dalabyggðar.

Aukakostnaður:

Vanti ídráttarrör eða að ídráttarrör reynist ónothæft greiðist 2.500 kr./m vegna skurð-graftar og ídráttarrörs.

5. gr.

Liðir undir greinum 2, 3 og 4 skulu hækka í samræmi við byggingarvísitölu um hver áramót.

Miða skal við byggingarvísitölu 1. desember 2000 en hún var 245,8 stig.

Samþykkt í sveitarstjórn Dalabyggðar 16. janúar 2001.

Búðardal, 17. janúar 2001.

Einar Mathiesen sveitarstjóri.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Hveragerðis. B-hluti.

1. gr.

Almennt.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir veitusvæði Hitaveitu Hveragerðis (HH). Gjaldskráin tekur til afhendingar og sölu hitaorku, sbr. reglugerð fyrir HH nr. 320/2000 ásamt þeim breytingum, sem síðar kunna að hafa verið gerðar á henni.

Gjaldskráin skiptist í tvo hluta:

A-hluta sem fjallar um almenna afhendingu hitaorku á veitusvæði HH. Í þessum hluta er einnig skilgreining á heimæðagjöldum, mælaleigu og innheimtugjaldi auk annarra ákvæða.

B-hluta sem sýnir gildandi verð fyrir heitt vatn, jarðgufu og önnur gjöld á hverjum tíma.

2. gr.

Verðskrá.

2.1 Verð fyrir hitaorku.

A.1 Almenn notkun, dreifikerfi I:

Vatnsgjald	53,50 kr./m ³
Fast gjald	6.181,00 kr./ár

A.2 Almenn notkun, dreifikerfi II og III:

Vatnsgjald	260,40 kr./m ²
Fast gjald	6.181,00 kr./ár

A.3 Garðyrkjunotkun, dreifikerfi II:

Vatnsgjald	260,40 kr./m ²
Fast gjald	15.461,00 kr./ár

A.4 Iðnaðarnotkun, dreifikerfi II:

Vatnsgjald	260,40 kr./m ²
Jarðgufugjald	0,96 kr./kWh
Fast gjald	6.181,00 kr./ár

Flatarmál húsa er reiknað skv. reiknireglum FMR.